

Fimmtudaginn 12. október 1950.

Nr. 37/1949. **Hafnarfjarðarbær** (Sveinbjörn Jónsson)

gegen

Guðbjörgu Kristjánsdóttur og gagnsök

(Sigurður Ólason).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Í máli þessu gerði gagnáfrýjandi í héraði kröfu um skaðabætur úr hendi aðaláfrýjanda vegna verðrýrnunar á húseign gagnáfrýjanda og óþæginda, sem hún hefði orðið fyrir vegna byggingar austurálmú barnaskólahússins í Hafnarfirði. Málinu var því þannig háttað, að nauðsyn bar til, að héraðsdómari kveddi sérfróða menn um verðmæti húsa og lóða í Hafnarfirði til að dæma um málið með sér, sbr. 3. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936.

Gagnáfrýjandi beiddist í héraði mats dómkvaddra manna „til þess að athuga og meta til peninga óþægindi þau“, sem hún hafi orðið fyrir „vegna ólöglegar viðbótarbyggingar við austurálmú barnaskólans, svo og verðrýrnun“ þá, sem af því hafi hlotizt. Í matsbeiðninni eru þannig ekki tilgreind þau atriði, sem virðingarmenn eigi að meta, heldur er lagt til mats þeirra, hver þau atriði séu, og hafa virðingarmennirnir framkvæmt mat sitt í samræmi við það. Matsgerð þessari er því svo áfátt, að nauðsyn ber til að láta nýtt mat fram fara, og sé þá skýrt fram tekið í matsbeiðni og dómkvaðningu, hver þau atriði séu, er meta skuli.

Þar sem málið hefur sætt þeirri meðferð, sem að framan er lýst, þykir verða að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferð frá þingfestingu og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá þingfestingu eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegtrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 20. apríl 1948.

Ár 1948, þriðjudaginn 20. apríl, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem haldið var í réttarsal embættisins Suðurgötu 8 af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, uppkveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 15. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefni 23. jan. s. l. af Guðbjörgu Kristjánsdóttur, Gerði, hér, gegn bæjarstjóra Hafnarfjarðar Eiríki Pálssyni f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 12000.00 vegna verðrýrnunar á húseigninni Gerði og óþæginda, er orðið hafa vegna byggingar austurálmú barnaskólans, auk 5% ársvaxta af nefndri upphæð frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Af hálfu stefnds bæjarfélags er kröfum stefnandans mótmælt og krafizt sýknudóms og hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnandans.

Málavextir eru þessir:

Á árunum 1946 og 1947 var reist í Hafnarfirði viðbótarbygging við austurenda barnaskólahússins. Stefnandinn, Guðbjörg Kristjánsdóttir, er eigandi næsta íbúðarhúss, Gerðis, og liggur lóð hennar að lóð barnaskólans, þar sem austurálman hefur verið reist. Nú reynist svo, að umrædd viðbygging er reist nær lóð stefnandans en leyfilegt er samkvæmt byggingarsamþykkt Hafnarfjarðar nr. 114. frá 25. ágúst 1916, og munar það 1.65 metrum. Auk þess er á þessum gafli skólans gluggar, sem ekki er heldur leyfilegt samkvæmt ákvæðum sömu samþykktar. Þá er hæð skólahússins þarna meiri en byggingarsamþykktin leyfir, og talið, að það nemi um einum metra. Stefnandinn heldur fram, að þetta fyrirkomulag og gerð skólabyggingarinnar hafi í för með sér verðrýrnun og óþægindi á eign stefnandans, með því að í íbúðarhúsinu Gerði njóti ekki lengur síðdegis-sólar, og af þessu stafi veruleg eldshætta fyrir Gerði, og að úr gluggum skólans sjáist inn í íbúðir hússins, svo þar sé ekki hægt að vera óhultur fyrir hnýsni náungans.

Umboðsmaður stefnda hefur haldið fram í málflutningi sínum, að öll þessi atriði séu þess eðlis, að eigendur íbúðarhúsa og lóða í kaupstöðum verði bótaalaust að sætta sig við þannig löguð óþægindi, er leiði af eðlilegri og venjulegri hagnýtingu byggingarlóða í þéttbýli. En þar sem um sé að ræða brot á byggingarsamþykkt kaupstaðarins, þá sé hún orðin rykfallin og úrelt og verði að túlka hana eftir breyttum aðstæðum.

Rétturinn verður að fallast á, að stefndu bæjarfélagi beri eftir almenn-

um skaðabótareglum að bæta stefnandanum þá verðrýrnun og óþægindi á eign hennar, Gerði, sem telja má, að einvörðungu stafi af því, að austur-álma barnaskólans er byggð nær nágrannalóð og hærri en gildandi byggingarreglur leyfa, eða þannig, að brotin eru ákvæði byggingarsamþykktarinnar.

Í málinu liggur fyrir matsgerð, dags. 8. apríl 1947, þar sem verðrýrnun og óþægindi, sem barnaskólabyggingin hafi valdið á húseigninni nr. 52 B við Hverfisgötu (Gerði) er metið kr. 12000.00, en þar er tekið nokkuð víðara sjónarmið um bótaskyldu og mat á tjóni, en rétturinn telur, að beri að gera samkvæmt því, sem að ofan er sagt. Með hliðsjón af þessu og að athuguðum öðrum aðstæðum telur rétturinn bætur til handa stefnandanum fyrir tjón hennar og óþægindi hæfilega metnar kr. 6000.00. Þá ber að taka til greina kröfu stefnandans um 5% ársvexti af upphæð þessari frá stefnudegi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefndu bæjarfélagi að greiða málskostnað til stefnandans, er þykir hæfilega ákveðinn 1000 kr.

Því dæmist rétt vera :

Stefndi, bæjarstjóri Hafnarfjarðar Eiríkur Pálsson f. h. bæjar-sjóðs, greiði stefnandanum, Guðbjörgu Kristjánsdóttur, kr. 6000.00 — sex þúsund krónur — með 5% ársvöxtum frá 23. jan. 1948 til greiðsludags og 1000 kr. í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. október 1950.

Nr. 76/1950. **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson)

gegn

William Norman Brown. (Lárus Fjeldsted).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð.

Úrskurður Hæstaréttar.

Friðrik Ólafssyni, skólastjóra Sjómannaskólans í Reykjavík, var falið að marka á sjóupprátt staði varðskipsins kl. 3.00 og kl. 3.17 15. maí þ. á. svo og stað togduflsins, allt samkvæmt hornamælingum varðskipsins. Skólastjórinn hefur